

# Messenger: Skilaboð og myndsímtöl






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölву Messenger: Skilaboð og myndsímtöl

1.a.

### Að velja viðtakanda:


Þú getur valið viðtakanda meðal þeirra sem þú hefur áður sent skilaboð eða hringt í á listanum sem opnast þegar þú snertir "Chat" neðst til vinstri.



1.b.


Þú getur valið viðtakanda meðal allra Facebook-vina þinna ef þú snertir kassann með penna efst og merkir við á listanum sem opnast.

Ath. að þú getur valið fleiri en einn viðtakanda í einu - sama hvort þú sért að fara að senda skilaboð eða hringja mynd símtal.



1.c.

Snertu "Done" þegar þú ert búin(n) að merkja við viðtakanda.





## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölву Messenger: Skilaboð og myndsímtöl


2.a.

### Að senda skilaboð:

Þú getur sent “like”-merki með því að snerta þumalputtann neðst til hægri.


Þú getur sent **bros-karl** með því að snerta bros-karlinn neðst til hægri og velja einn af þeim sem birtast í glugganum.

Þú getur **skrifað texta** með því að snerta textareitinn og skrifa á lyklaborðið sem opnast.



2.b.

Þegar þú ert búin(n) að skrifa þarfutu að snerta örina til hægri til að senda skilaboðin.




2.c.

Þú getur sent **fýndna mynd eða hreyfimynd** með því að snerta “GIF” vinstra megin við textareitinn og velja í glugganum sem birtist.

Þú getur **tekið mynd** og sent með því að snerta myndavélina.

Þú getur sent **mynd úr myndaalbúminu** þínu með því að snerta mynda-táknið og velja mynd.

Þú getur sent **hljóðskilaboð** með því að snerta hljóðnemann og taka upp.






## Leiðbeiningar fyrir spjaldtölву Messenger: Skilaboð og myndtímtöl

3.a.

### Að hringja myndtímtal:


Snertu vídeo-táknið efst til hægri.



3.b.

Þegar þú ert búin(n) að ná sambandi geturðu:


- **snúið myndavellinni** með því að snerta snúnings-táknið efst til hægri.
- **slökkt á myndavélinni** með því að snerta vídeo-táknið efst til hægri.
- **slökkt á hljóðnemanum** með því að snerta hljóðnemann neðst í miðjunni.
- **lagt á** með því að snerta rauða takkann neðst í miðjunni.



3.c.

Þegar símtalið er búið ertu beðin(n) um að meta gæði símtalsins með því að gefa því stjörnur.

Ath. Þú getur sleppt því með því að snerta "X" neðst í miðjunni.






4.a.

### Að taka við myndtímtali:

Þegar einhver hringir í þig þarf tu að snerta bláa takkann með "V" til þess að svara símtalinu.


Ef þú vilt ekki taka við símtalinu skaltu snerta rauða takkann með "X".



4.b.

Þegar þú ert búin(n) að svara geturðu:

- **snúið myndavellinni** með því að snerta snúnings-táknið efst til hægri.
- **slökkt á myndavélinni** með því að snerta vídeo-táknið efst til hægri.
- **slökkt á hljóðnemanum** með því að snerta hljóðnemann neðst í miðjunni.
- **lagt á** með því að snerta rauða takkann neðst í miðjunni.



4.c.

Þegar símtalið er búið ertu beðin(n) um að meta gæði símtalsins með því að gefa því stjörnur.

Ath. Þú getur sleppt því með því að snerta "X" neðst í miðjunni.

